

Þriðjudaginn 19. desember 1967.

Nr. 4/1967. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands  
f. h. Skipstjórafélags Norðlendinga**  
(Ragnar Jónsson hrl.)  
gegn  
**Landssambandi íslenskra útvegsmanna**  
(Gunnar I. Hafsteinsson hdl.).

**Dómarar:**

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,  
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Kjarasamningar. Deilt um kjör II. stýrimanns á sildveiðum.

**Dómur.**

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu 10. f. m. af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Skipstjórafélags Norðlendinga gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Tildrög málsins eru þessi:

Í 2. gr. kjarasamnings, dags. 29. des. 1963, milli aðilja máls þessa um kaup og kjör á sildveiðum segir svo:

„a) Á skipum, sem stunda veiðar skv. fyrstu grein þessa samnings, skal skipstjóri hafa 8% af brúttóafla skipsins, þó aldrei minna en tvo hásetahluti. Kjör 1. stýrimanns skulu vera sem hér segir:

Á bátum undir 60 rúml. 5.85 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 60—120 rúml. 5.12 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 120—130 rúml. 4.98 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 130—240 rúml. 4.56 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 240—300 rúml. 4.22 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Þó skal 1. stýrimaður aldrei hafa minna en 1½ hásetahlut.

b) Kjör 2. stýrimanns skulu vera á sömu veiðum sem hér segir:

Á bátum undir 60 rúml. 4.88 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 60—120 rúml. 4.26 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 120—130 rúml. 4.15 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 130—240 rúml. 3.80 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Á bátum 240—300 rúml. 3.51 af hundraði brúttósöluverðs afla.

Þó skal 2. stýrimaður aldrei hafa minna en  $1\frac{1}{4}$  hásetahlut.

c) Skipstjóri og stýrimenn greiði fæði sitt sjálfir.

d) Auk ofanritaðs skulu skipstjórar og stýrimenn hafa kr. 425.00 í kaup á mánuði“.

Þegar þessi kjarasamningur var gerður, var eigi umi að ræða stærri skip en 300 rúmlestir, en vegna tilkomu stærri skipa gerðu málsaðiljar hinn 26. febrúar 1965 viðbótarsamning. Fjallar þessi samningur bæði um breytingu á nefndum síldveiðisamningi og öðrum kjarasamningi frá 29. des. 1963, svonefndum vertiðarsamningi.

Í nefndum viðbótarsamningi er fyrst samið um breytingu á vertiðarsamningnum og þar tekið með ákvæði um kjör á skipum „300 að 500 rúml.“. Segir þar m. a., að hlutur I. stýrimanns skuli „aldrei vera minni en  $1\frac{1}{2}$  hásetahlutur, II. stýrimanns  $1\frac{1}{4}$  hlutur, nema á bátum yfir 300 rúml.,  $1\frac{1}{8}$  hásetahlutur“.

Um breytingar á síldveiðisamningnum frá 29. des. 1963 er samið með þessum hætti:

„Viðbót við 2. gr. síldveiðisamnings.

Viðbótarákvæði varðandi kjör stýrimanna:

I. stýrimaður.

Á skipum 300 að 500 rúml. 3.86 af hundraði brúttósöluverðs afla, og auk þess kr. 446.00 í fast kaup á mánuði.

II. stýrimaður.

Á skipum 300 að 500 rúml. 2.89 af hundraði brúttósöluverðs afla og auk þess kr. 446.00 í fast kaup á mánuði“.

Komið hefur upp deila um það, hvernig skilja beri síðastnefnt samningsákvæði.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að síðasta málsgrein b liðar 2. gr. framangreinds kjarasamnings frá 29. des. 1963 gildi einnig um ráðningarsamninga 2. stýrimanns á skipum 300 að 500 rúml. að stærð.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að skilja beri viðbótarsamning aðilja svo, að áfram standi í fullu gildi það ákvæði kjarasamningsins frá 1963, að II. stýrimaður skuli á sildveiðum aldrei fá minna en  $1\frac{1}{4}$  hásetahlut, þótt stærð skips sé yfir 300 rúml. Kveður hann að eigi hafi við samningsgerðina í febrúar 1965 verið um það samið, að breyting yrði á nefndu lágmarksákvæði samningsins frá 1963 um hlut II. stýrimanns, og alls ekki ætlunin að raska hefðbundnu hlutfalli milli kaups I. og II. stýrimanns, þótt stærð skips færi yfir 300 rúml. enda hafi ýmsir útgerðarmenn gert upp við stýrimenn eftir þeirri reglu, sem stefnandi telur að gilda skuli.

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að þegar viðbótarsamningurinn frá 1965 var gerður, en hann fjalli bæði um breytingar á vertíðar- og sildveiðisamningnum frá 1963, hafi verið tekið upp skýlaust ákvæði þess efnis, að því er vertíðarsamninginn varðar, að hlutur II. stýrimanns á skipum yfir 300 rúml. skyldi vera  $1\frac{1}{8}$  hásetahlutur, þótt II. stýrimanni væri á skipum að 300 rúml. stærð tryggður  $1\frac{1}{4}$  hásetahlutur. Hafi þannig verið horfið frá eldri reglu um hlutfall milli I. og II. stýrimanns, ef stærð skips fór yfir 300 rúml. Kveður stefndi, að það hafi verið tilætlunin, að sama regla skyldi gilda um stýrimenn á sildveiðum, ef skip var stærra en 300 rúml., þótt undan félli við samningsgerðina 26. febrúar 1965 að geta

Þess sérstaklega, þegar ákvæði viðbótarsamningsins um kjör II. stýrimanns á síldveiðum voru rituð. Hafi útvegsmenn gert upp við II. stýrimenn á þeim grundvelli að einu eða tveimur tilvikum undanskildum, en þau frávik hafi stafað af misgáningi.

Þá bendir stefndi einnig á það, máli sínu til stuðnings, að reglan um  $1\frac{1}{8}$  hluta II. stýrimanns, sem samkvæmt breytingu þeirri, er gerð var á vertíðarsamningnum 1965, átti fyrst og fremst við um veiðar með hringnót, hafi síðar einnig verið látn ná til þorskveiða með netum. Hafi Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan í Reykjavík fallizt á það fyrirkomulag að því er netaveiðarnar varðar og heldur stefndi því fram, að skýra verði bréf þau, er í því sambandi fóru á milli hans og nefnds félags, á þá lund, að félagið hafi einnig fallizt á það, að sama regla skyldi gilda um kjör II. stýrimanna á síldveiðum, þegar skip er stærra en 300 rúmlestir, enda sé síður en svo ástæða til þess að hann njóti betri kjara á þeim veiðum en þorskveiðum.

Stefndi hefur mótmælt því, að það skipti máli um úrslit þess atriðis, sem hér sé deilt um, hver sé afstaða Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, en það félag sé aðeins eitt af mörgum félögum, sem aðili sé að nefndum kjarasamningi. Og þótt það félag hafi samþykkt að sömu reglu sé þeitt um kjör II. stýrimanns á þorskveiðum með netum og veiðum með hringnót, þá leiði engan veginn af því, að réttmætt sé að sama regla gildi um síldveiðar, er séu allt annars eðlis.

Í máli þessu er eigi neitt það komið fram um orðræður samningsaðilja, er nefndur viðbótarsamningur var gerður, sem við verði stuðzt við skýringu á samningsatriði því, sem um var deilt.

Eins og áður er rakið, geyma ákvæði 2. gr. síldveiðisamningsins frá 1963 þá reglu, að II. stýrimaður skuli aldrei fá minna en  $1\frac{1}{4}$  hásetahlut á þeim skipum, sem sá samningur tekur til, þ. e. skip allt að 300 rúmlestir og samkvæmt sömu grein gildir sú regla um kjör I. stýrimanns, að hann skuli aldrei fá minna en  $1\frac{1}{2}$  hásetahlut miðað við sömu

stærð skipa. Hefur eigi verið hnekkt þeirri staðhæfingu stefnanda, að þetta hlutfall milli kjara I. og II. stýrimanns hafi verið hefðbundin regla.

Ágreiningslaust er, að hlutur I. stýrimanns á sildveiðum samkvæmt viðbótarsamningnum frá 1965, 3.85 af hundraði brúttósöluverðs afla, svari til  $1\frac{1}{2}$  hásetahlutar, og að eigi hafi, með síðastnefndum samningi, orðið breyting á því ákvæði 2. gr. samningsins frá 1963, að I. stýrimaður skuli aldrei fá minna en  $1\frac{1}{2}$  hásetahlut, þótt stærð skips sé 300 að 500 rúmlestir. Hins vegar er talið, að hundraðshluti sá, 2.89, sem II. stýrimaður fær samkvæmt sama samningi, svari til  $1\frac{1}{8}$  hásetahlutar. Er það úrlausnarefni máls þessa, hvort ákvæði viðbótarsamningsins frá 1965 um kjör II. stýrimanns á sildveiðum eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu, að trygging sú, sem hann hefur fyrir,  $1\frac{1}{4}$  hásetahlut samkvæmt síðustu málsgr. b liðs 2. gr. sildveiðisamningsins frá 1963, nái eigi til veiða á skipum, sem eru yfir 300 rúmlestir að stærð.

Form og orðalag viðbótarsamningsins frá 1965 um sildveiðikjörin er með þeim hætti, að eigi er hægt að draga af þeim atriðum einum saman örugga ályktun um það, hvaða skilning beri að þessu leyti að leggja í þau.

Þess er áður getið, að við breytingu þá, sem gerð var á vertíðarsamningnum árið 1965, var tekið upp skýlaust ákvæði um það, að hlutur II. stýrimanns skyldi á þeim veiðum eigi vera minni en  $1\frac{1}{8}$  hásetahlutur, og er þar með breytt áður gildandi hlutfalli milli kjara I. og II. stýrimanns, ef skip er yfir 300 rúmlestir að stærð. Hins vegar er sams konar ákvæði eigi tekið upp í viðbótina eða breytinguna við sildveiðisamninginn 1965. Þar sem svo stendur á og hvorki form né efni nefnds sildveiðisamnings er með þeim hætti, að loku sé fyrir það skotið, að ákvæðin í 2. gr. samningsins frá 1963 geti einnig átt við um skip yfir 300 rúmlestir, en eðlilegt að skýrt væri kveðið á um það, ef hverfa átti frá eldri reglu um hlutfall milli I. og II. stýrimanns, þykir bera að skýra umdeilt samningsákvæði á þá lund, að síðasta málsgrein b liðar 2. gr. sildveiðisamningsins frá 1963 taki einnig til hlutaskipta á sildveiðum á skipum að stærð 300—500 rúmlestir. Breyta áðurnefnd bréfaskipti stefnanda og Skip-

stjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar eigi þeirri niðurstöðu.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfu stefnanda til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

**Dómsorð:**

Ákvæði b liðar 2. gr. í sildveiðisamningi frá 29. des. 1963 skal gilda um ráðningarsamninga II. stýrimanns við sildveiðar á skipum 300 að 500 rúmlestir að stærð.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 8. júlí 1968.

Nr. 1/1968.

**Brynjar Bergþórsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þjóts**

(Jón Þorsteinsson hdl.).

**Dómarar:**

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Félagsréttindi: Bifreiðarstjóra synjað um inngöngu í félag bifreiðastjóra. Sératkvæði.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi, með stefnu dags. 17. apríl s.l., af Brynjari Bergþórssyni bifreiðarstjóra, Skólabraut 31 á Akranesi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Þjóts á Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær: að Vörubílstjórafélagið Þjótur verði skyldað til að veita stefnanda full og óskert